

Fiskeldi Austfjarða
Strandgata 18
735 Eskifjörður

3. nóvember 2025
UOS2501629/A.E.H.

Efni: Reglubundið eftirlit þann 24. september 2025, Fiskeldi Austfjarða, Fiskalón – ID 273

Þann 24. september sl. fór fram reglubundið eftirlit í Fiskeldi Austfjarða við Fiskalón. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Tvö eldri frávik voru opin þegar eftirlitið fór fram:

1. Styrkur ammóníaks var yfir mörkum í sýnatökum ársins 2023.
2. Sýrustig var yfir mörkum í sýnatökum ársins 2023.

Ein ábending var sett fram í eftirlitinu er varðar:

1. Rekstraraðila var bent á að huga að hreinsibúnaði þar sem fóður er í viðtaka.

Sex frávik komu fram er varða:

1. Gr. 3.4 í starfsleyfi. Styrkur ammóníaks í frárennsli var yfir mörkum starfsleyfis í sýnatökum sem fóru fram 13. mars 2024.
2. Gr. 3.4 í starfsleyfi. Styrkur ammóníaks í frárennsli var yfir mörkum starfsleyfis í sýnatökum sem fóru fram 25. október 2024.
3. Gr. 3.4 í starfsleyfi. Mismunur á sýrustigi í frárennsli var yfir mörkum starfsleyfis í sýnatökum sem fóru fram 13. mars 2024.
4. Gr. 3.4 í starfsleyfi. Mismunur á sýrustigi í frárennsli var yfir mörkum starfsleyfis í sýnatökum sem fóru fram 25. október 2024.
5. Gr. 3.5 í starfsleyfi. Mikið af fóðri var í viðtaka fyrir neðan útrásina.
6. Gr.311 í starfsleyfi. Sápubrúsar og sóttþreinsibrúsar voru geymdir án fullnægjandi lekavarna.

Umhverfis- og orkustofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 25. nóvember 2025.

Virðingarfyllst,

Auður Eyberg Helgadóttir

Teymi eftirlits

Freyr Ævarsson

Teymi eftirlits